

Hringrás - Akureyri
Ægisnes 1
600 Akureyri

Reykjavík 12. júlí 2018
UST201807-074/H.G.
08.14.02

Áform um áminningu og krafa um úrbætur

Umhverfisstofnun vísar í bréf dags. 7. júní sl. þar sem Umhverfisstofnun óskaði eftir úrbótaáætlun vegna fráviks sem fram kom í eftirliti þann 26. apríl sl. hjá Hringrás Akureyri.

Frávikið var eftirfarandi:

1. **Gr. 2.10 í starfsleyfi.** Úrsérgengin ökutæki skal geyma plani með bundnu yfirborðslagi og fráveitan leidd í sandfang og olíuskilju. Við skoðun á útsvæðum kom í ljós að efnishaugar ná út fyrir steipt undirlag athafnasvæðisins.


Umhverfisstofnun áformar að veita Hringrás Akureyri, áminningu, sbr. 2. tl. 1. mgr. 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, vegna fráviks. Umhverfisstofnun veitir rekstraraðila frest til 1. september n.k. til þess að koma upplýsingum eða sjónarmiðum sínum á framfæri, sbr. 13. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Vakin skal athygli rekstraraðila á því að Umhverfisstofnun hefur heimildir samkvæmt 60. gr. laga nr. 7/1998, um hollustuhætti og mengunarvarnir, til þess að knýja á um framkvæmd ráðstöfunar samkvæmt fyrirætlunum stofnunarinnar.

Áminning mun verða birt á vefsíðu Umhverfisstofnunar komi til slíkrar ákvörðunar. Jafnframt mun stofnunin birta á vefsíðu sinni sjónarmið fyrirtækisins.

Gjald fyrir vinnu sérfræðings við eftirfylgni verður innheimt samkvæmt gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015, með síðari breytingum.

Gögnum skal skila í pósti til Umhverfisstofnunar eða á netfangið ust@ust.is.


Gunnlaug H. Einarsdóttir
Sviðsstjóri


Hlín Gísladóttir
Lögfræðingur